
Reglur fyrir Nótnasjóð STEFs

1. STEF starfrækir sjóð er nefnist Nótnasjóður STEFs.
2. Markmið Nótnasjóðs er að styrkja útgáfu íslenskra tónverka, þ.e. tónlistar með eða án texta, á nótum og á stafrænu formi, svo og að styrkja sambærileg verkefni sem samrýmast fyrrgreindu meginmarkmiði að mati sjóðsstjórnar. Undir útgáfu sem er styrkbær, fellur m.a. prentun, tölvusetning, prófarkalestur, aðlögun og útsetning nótna fyrir útgáfuna.
3. Ekki er gerð krafa um tiltekna útbreiðslu verka í kjölfar útgáfu, fjölda eintaka eða að verkin séu í almennri sölu í nótnaverslunum til að hljóta styrk úr sjóðnum. Hins vegar er það almennt skilyrði fyrir styrkveitingu að það liggi ljóst fyrir að viðkomandi verk verði eftir útgáfuna aðgengileg til flutnings og geti nýst öðrum en umsækjanda sjálfum til flutnings t.a.m. með því að verkið sé afhent Tónlistarmiðstöð til dreifingar
4. Tekjur sjóðsins eru þær tekjur, sem STEF fær úthlutaðar frá FJÖLÍS.
5. Nótnasjóður er bókfærður í bókhaldi STEFs og er endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda og kjörnum skoðunarmönnum samtakanna. Óheimilt er að úthluta meira úr Nótnasjóði á ári hverju en nemur tekjum sjóðsins á hverjum tíma. Verði einhverjar tekjur eftir óúthlutaðar er heimilt að flytja þær til næsta árs.
6. Stjórn Nótnasjóðs er skipuð fimm einstaklingum, þar af eru fjórir tilnefndir af stjórn STEFs, auk framkvæmdastjóra samtakanna sem stýrir fundum sjóðsstjórnar. Stefnt skal að því að stjórnin sé þannig samansett að í henni séu tveir félagsmenn í Tónskáldafélagi Íslands, einn félagi í Félagi tónskálda og textahöfunda og einn standa utan félaganna.
7. Stjórnarmenn og varamenn þeirra skulu skipaðir til tveggja ára í senn.
8. Sjóðsstjórn úthlutar styrkjum úr sjóðnum að jafnaði tvisvar sinnum á ári, að vori og að hausti.
9. Skulu styrkir að jafnaði veittir á grundvelli umsókna, þar sem fram skal koma tilgangur styrkumsóknar og kostnaðar- og tímaáætlun vegna þess verkefnis sem um er að ræða.

10. Umsóknarfrestur að vori er til og með 10. apríl og að hausti til og með 10. september. Umsóknarfrestir þessir skulu auglýstir á heimasíðu STEFs svo og á annan þann hátt sem STEF telur að nái eyrum meðlima samtakanna. Miðað skal við að úthlutun eigi sér ekki stað síðar en mánuði eftir að umsóknarfresti lýkur.
11. Framkvæmdastjóri STEFs boðar til stjórnarfundu með hæfilegum fyrirvara. Hver og einn stjórnarmaður getur einnig farið sérstaklega fram á boðað verði til fundar. Stjórnin er ákvörðunarbær ef þrír stjórnarmenn eru mættir til fundar og ræður afl atkvæða úrslitum í stjórninni. Fundargerð skal halda um það sem fram fer á stjórnarfundum.
12. Umsókn um styrkveitingu verður aðeins tekin til afgreiðslu hafi skrifleg umsókn borist STEFi innan auglýsts umsóknarfrests á til þess gerðum eyðublöðum.
13. Styrkir Nótnasjóðs eru ætlaðir til hagsbóta tónhöfundum. Ef aðrir en tónhöfundar standa að umsókninni (s.s. eins og umboðsmenn eða flytjendur), skal skýrt tilgreina í umsókninni hvaða höfundaverk skuli gefa út svo auk þess sem fram þarf að koma höfundar þeirra séu umsókninni samþykkir eða a.m.k. viti af henni.
14. Styrkir skulu veittir á faglegum forsendum.
15. Við styrkveitingar skal hafa hliðsjón af því hverjar höfundaréttartekjur umsækjanda hafa verið undanfarin þrjú ár. Enn fremur er heimilt að taka tillit til þess hvort umsækjandi hafi fengið styrki vegna sama verkefnis úr öðrum sjóðum.
16. Af hverri úthlutun getur stjórn sjóðsins tekið til hliðar allt að 10% úthlutunarfjárins og úthlutað sérstaklega til efnilegra nýliða.
17. Sé fjöldi umsókna slíkur að ekki er hægt að veita öllum styrk skal við styrkveitingar hafa hliðsjón af því hvort viðkomandi umsækjandi hafi nýlega fengið styrki úr sjóðnum (almennt er miðað við síðastliðin tvö almanaksár).
18. Styrkir skulu bundnir þeirri forsendu að verkefnið og framvinda þess sé í samræmi við lýsingu og áætlanir í umsókn. Skal styrkþegi tilkynna um framgang verkefnisins svo og um fyrirhugaðar breytingar eða niðurfellingu verkefnis. Sé verkefnið fellt niður skal styrkþegi endurgreiða útgreiddan styrk. Í ljósi þess að veittir styrkir eru

oft mun lægri en sú fjárhæð sem sótt er um og að styrkur sé veittur í umfangsmikið verkefni veldur það ekki endurgreiðslu á útgreiddum styrk ef einungis verða gefin út hluti af þeim verkum sem umsóknin nær til.

19. Stjórn sjóðsins getur ákveðið að skipta greiðslum styrkja þannig að þær séu bundnar framvindu verkefnisins.
20. Fram skal koma á því útgefna efni sem styrkt er að útgáfan sé styrkt af Nótnasjóði STEFs, eftir því sem því verður við komið.
21. Styrkþegar fá staðfestingu á úthlutun í tölvupósti og er styrkurinn greiddur inn á þann reikning sem þeir vísa til, séu upplýsingar um bankareikning ekki þegar skráðar hjá STEFi.

Þessar reglur eru byggðar á eldri sameiginlegum reglum Upptökusjóðs og Nótnasjóðs svo og eldri verklagsreglum stjórnar Nótnasjóðs. Þannig samþykktar af stjórn STEFs í aprílmánuði 2024